

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, klasi 1 og 2, lóð við Eyrarflöt nr. 6.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 28. október 2003, var samþykkt breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, klasi 1 og 2, lóð nr. 6 við Eyrarflöt á Akranesi.

Breytingin felst í að fellt er út ákvæði um að byggður skuli bílakjallari sé byggt 3ja hæða hús. Samhliða því fjölgar bílastæðum á lóð. Aðkoma lóðar verður um vesturenda þar sem áður var gert ráð fyrir skábraut niður í bílakjallara. Afnumin er bindandi byggingarlína á norðurhlíð byggingar. Byggingarreitur er rýmkaður til suðurs og verður 8 m frá lóðamörkum í stað 14 m. Jafnframt er byggingarlína til norðurs færð sunnar. Kvöð um gangstétt er færð að nyrðri lóðamörkum og er 1,6 m breið. Staðsetning sorps verður sunnan gangstígs við nyrðri lóðamörk.

Deiliskipulagsbreytingin var kynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 3. desember 2003.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir skipulagsfulltrúi.